

Fyrirspurn

til félags- og vinnumarkaðsráðherra um félagsaðstoð fyrir
útlendinga sem sætt hafa niðurfellingu réttinda.

Frá Arndísi Önnu Kristínardóttur Gunnarsdóttur.

- Hvaða félagsaðstoð er í boði fyrir útlendinga sem sætt hafa niðurfellingu réttinda á grundvelli 8. mgr. 33. gr. laga um útlendinga, nr. 80/2016?
- Hver greiðir veitta félagsaðstoð fyrir einstaklinga í þessari stöðu?
- Á hvaða lagagrundvelli byggist samkomulag ráðuneytisins við Rauða krossinn á Íslandi um tímabundið verkefni um neyðaraðstoð við útlendinga sem fengið hafa endanlega synjun á umsókn um alþjóðlega vernd hér á landi?
- Stendur til að framlengja samkomulagið? Ef svo er, hversu lengi?
- Telur ráðherra fyrirkomulagið vænlegt til frambúðar?
- Eru einhverjar breytingar á fyrirkomulaginu í undirbúningi í ráðuneytinu? Ef svo er, hvers eðlis eru fyrirhugaðar breytingar og hversu langt er undirbúningur þeirra kominn?

Skriflegt svar óskast.